



Um hlutastarfamenningu og fullt starf sem viðmið á vinnumarkaði

Leiðir til jafnréttis í vinnutíma á Norðurlöndunum

Upplýsingablað frá verkefninu Hlutastarf á Norðurlöndunum 2013-2014



Um hlutastarfamenningu og fullt starf sem viðmið á vinnumarkaði

Leiðir til jafnréttis í vinnutíma á Norðurlöndunum

Konur gegna hlutastarfi í mun meira mæli en karlar og það mynstur er gegnumgangandi á öllum Norðurlöndunum. Í verkefninu Hlutastarf á Norðurlöndunum var rýnt í ójöfnuð sem hlýst af hlutastarfi. Hér getur þú lesið um niðurstöðurnar og um framtíðaráskoranir.

Það er mikilvægt fyrir Norðurlöndin að ná jafnrétti á vinnumarkaði og í því sambandi er misskipting hlutastarfa lykilspurning. Það að konur sinni hlutastarfi í mun meira mæli en karlar hefur áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Mismunandi vinnutími er birtingarmynd ólíkra skilyrða á vinnumarkaðnum og í samfélaginu í heild.

Að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar hefur NIKK - Norræn upplýsingamiðstöð um kynjajafnrétti kortlagt og greint hlutastörf á Norðurlöndunum. NIKK hefur samhæfandi hlutverk að leiða saman ólíka aðila eins og stjórnámálamenn, rannsakendur, forsvarsmenn atvinnulífsins og stéttarféлага. Tveir hópar utanaðkomandi rannsakenda hafa tekið þátt í verkefninu og ráðgjafahópar hafa veitt þeim stuðning.

Kortlagning hlutastarfa

Innan verkefnisins Hlutastarf á Norðurlöndunum var tekin saman tölfræði um hlutastörf á Norðurlöndunum. Hlutfall þeirra kvenna sem vinna hlutastarf er hæst í Noregi. Þar voru 36 prósent kvenna á vinnumarkaði á aldrinum 25 til 64 ára í hlutastarfi árið 2012. Þetta sama ár unnu 29 prósent danskra kvenna og 31 prósent sænskra kvenna hlutastarf á meðan að 26 prósent íslenskra kvenna og 15 prósent finnskra kvenna sinntu hlutastarfi.

Það er mun minni munur á milli norrænna karlmannna, karlmenn í hlutastarfi heyrar ennþá til undantekninga.

Hvers vegna hlutastarf?

Á verkefnistímanum voru ástæður þess að fleiri konur en karlmenn vinna hlutastarf einnig skoðaðar. Kortlagning leiddi í ljós marga mismunandi þætti sem geta varpað ljósi á tölfræðina. Mynstrið endurspeglar t.d. að ábyrgð á fjölskyldu og börnum er ójöfn. Einnig er hlutastarfið í mörgum tilvikum ekki að eigin ósk. Á sumum vinnustöðum, sérstaklega í starfsgreinum þar sem konur eru í meirihluta, er ekki boðið upp á fullt starf. Hér getur einnig þróast "hlutastarfamenning" þar sem þess er vænst að konur sem eignast börn vilji minnka við sig starfshlutfall. Þar fyrir utan getur hlutastarf verið afleiðing af heilsuleysi eða erfiðum vinnuadstæðum.

Aðgerðir til breytinga

Í verkefninu Hlutastarf á Norðurlöndunum fékkst svigrúm til að greina og ræða áhrif hlutastarfsins. Á lokaráðstefnunni Frá hlutastarfi til fulls starfs – jafnrétti á Norðurlöndunum hittust sérfræðingar þar sem þeir sameiginlega bentu á mikilvægar spurningar fyrir framtíðina. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík 12. nóvember 2014. Þar voru allir sem tóku þátt fengnir til að miðla sinni sérþekkingu og þeim boðið að setja fram lýsingar á vanda-málum og tillögur til breytinga.

Þátttakendur ráðstefnunnar bentu á að til að auka möguleika kvenna til að vinna fullt starf þurfi að bæta umönnun barna og aldraðra. Þeir lögðu einnig áherslu á að spurningin um hlutastörf kvenna er þétt samvinnuð þeirri staðreynd að karlmenn vinna ekki hlutastörf í sama mæli og konur. Það að líta einungis til hlutastarfs kvenna leysir ekki grunnvandann. Það er skipting hlutastarfsins og ábyrgð á fjölskyldunni sem þarf að vera í forgrunni. Á ráðstefnunni, sem haldin var í Reykjavík, var rætt um til-



teknar lagatillögur og aðgerðir sem gætu leitt til jöfnunar ábyrgðar á fjölskyldunni og til lengri tíma einnig jafnari dreifingu hlutastarfa – til dæmis með sameiginlegri foreldratryggingu.

Mikilvægt að stækka sjónarhornið

Á ráðstefnunni bentu sérfræðingarnir einnig á þörf þess að stækka sjónarhornið varðandi umræður um hlutastarfið. Þegar hlutastarfið er greint út frá jafnréttissjónarmiðum þá er mikilvægt að til dæmis stétta- og þjóðernissjónarmiðunum sé haldið til haga. Hlutastarfið hefur ekki sömu áhrif á alla hópa kvenna. Það eru heldur ekki allir í gagnkynhneigðum samböndum en þau eru oft grundvöllur umræðna. Þannig eru mjög breyttar forsendur til umræðna um hlutastarf hjá þeim sem hafa til dæmis ekki komist að á hefðbundna vinnumarkaðinum.

Hvers vegna fullt starf?

Samkvæmt ofansögðu er þörf á að stækka sjónarhornið þegar kemur að umræðum um hlutastarfið en það er líka þörf á að staldra við og skoða framsetningu vandamálsins. Þegar hlutastarfinu er lýst sem vandamáli þá verður fullt starf, eins og það er skilgreint í dag, að sjálfsgöðu viðmiði sem við leitumst við að ná. Á ráðstefnunni bentu nokkrir þátttakendur á nauðsyn þess að endurskoða staðalímyndina um fullt starf. Í stað þess að einblína á þá skilgreiningu að hlutastarf kvenna sé slæmt; má á móti spyrja hvort forgangsröð þeirra sem sinna hlutastarfi sé kannski sú rétta?

Hlutastarfsspurningin – stærri en hlutastarf

Á ráðstefnunni *Frá hlutastarfi til full starfs – jafnrétti á Norðurlöndunum* settu þátttakendur fram mikilvægar spurningar fyrir áframhaldandi vinnu með hlutastarfaspurninguna.

Tíminn ▶

- Hverskonar samfélag viljum við með tilliti til framleiðni, sjálfbærni og jafnvægi milli vinnu og frítíma?
- Hversu margar vinnustundir er ákjósanlegast að vinnuvikan sé?

Vinumarkaðurinn ▶

- Hvernig getum við breytt vinnumarkaðnum þannig að kynjamunur og kynjaaðskilnaður hverfi?
- Hvernig getum við kynnt vandamálið og áskorunina fyrir stjórnvöldum þannig að það leiði til umbóta á vinnumarkaði?
- Hvernig förum við frá greiningu til aðgerða?

Heimilið ▶

- Hvernig eigum við að búa til samfélagsinnviði sem gera öllum kleift að sinna fullu starfi eða sem fá heimilisfólk til að skipta hlutastörfunum jafnara?
- Hvernig hvetjum við karlmenn til að taka meiri ábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum?

Það er kominn tími til að endurskoða viðmiðin um fullt starf

Hlutastarf sem ekki er að ósk viðkomandi er stórt vandamál og sú krafa "að eiga rétt á fullu starfi" er mikilvæg. Þessu héldu sérfræðingarnir fram á ráðstefnunni Frá hlutastarfi til fulls starfs – jafnrétti á Norðurlöndunum. Um leið var lögð áhersla á þörfina á því að endurskoða og rannsaka viðmiðin fyrir fullt starf.

Þegar pólitískt frumkvæði og félagslegar umbætur miða einhliða við fullt starf sem viðmið kemur það í veg fyrir umræður um hvað í raun er eðlilegur vinnutími. Slík umræða er mikilvæg, ekki síst þar sem hlutastarf er oft afleiðing af erfiðum vinnuskilyrðum. Á þetta benti Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

- Ef þú vinnur vaktavinnu eða hefur erfitt starf með höndum þá er ekki hægt að vera í meira en 80 prósent starfshlutfalli. Þá verðum við að skilgreina upp á nýtt hvað fullt starf er. Þetta á sérstaklega við innan ákveðinna starfsgreina þar sem hefðbundin kvennastörf eru ráðandi, sagði hún á ráðstefnu í Reykjavík.

Aðrir þátttakendur bentu á ósveigjanleika innan margra hinna hefðbundnu kvennastétta sem þátt sem hefur áhrif á nauðsyn þess að vinna hlutastarf. Ingólfur



V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, talaði um þörfina á að stytta vinnutíma almennt.

-Það myndi auka jafnrétti og bæta líðan barna og fólks almennt. Kannski ættum við að reyna að vinna að styttingu í 35-36 vinnustundir á viku sem í dag telst vera hlutastarf, sagði hann.

Cathrine Egeland sérfræðingur var ein þeirra sem lagði áherslu á að víkka út umræðuna í kringum hlutastörf.

Aðal vandamálið er að við höfum ólíkar væntingar um það hvað er gott og eðlilegt líf fyrir konur annarsvegar og karla hinsvegar.

Lestu meira í skýrslum verkefnisins

Tvær áfangaskýrslur hafa verið birtar innan verkefnisins *Deltid i Norden*. *Part-Time Work in the Nordic Region* hefur að geyma tölfraði um hlutastarf og fullt starf og samanburð á áhrifum hlutastarfa á lífeyrisréttindin á Norðurlöndunum. Í framhaldi var gefin út skýrslan *Part-Time Work in*

the Nordic Region II sem inniheldur yfirlit yfir ástæður þess að konur vinna hlutastörf. Ennfremur er gerð grein fyrir mikilvægum vinnumarkaðsaðgerðum og pólitískum aðgerðum sem hafa fyrst og fremst einkennst af því að minnka hlutastörf kvenna.

Samantekt af skýrslunum er að finna í upplýsingaritunum: *Hlutastarf og efnahagur – mismunandi meðal kvenna og karla á Norðurlöndunum - Fullt starf eða hlutastarf? Mismunandi aðstæður fyrir konur og karla á Norðurlöndunum.*

NIKK

NORDIC INFORMATION ON GENDER

NIKK, Norræn upplýsingamiðstöð um kynjajafnrétti, fékk haustið 2012 það verkefni frá Norrænu ráðherranefndinni að samræma verkefnið Hlutastarf á Norðurlöndunum. Markmiðið hefur verið að styðja við rannsóknir og þannig auka þekkingu á hlutastörfum. Innan verkefnisins hafa tvær stöðuskýrslur komið út og var þeim fylgt eftir með ráðstefnum. Árið 2013 var

ráðstefnan *Hlutastarf á Norðurlöndunum* haldin í Stokkhólmi. Árið 2014 var haldin ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni *Frá hlutastarfi til fulls starfs – jafnrétti á Norðurlöndunum.*

Þátttakendur frá öllum Norðurlöndunum komu saman á ráðstefnunni í Reykjavík. Sérfræðingar, rannsakendur, stjórnmálamenn og forsvarsmenn atvinnu-

lífs og stéttarfélagasameinuðust í umræðum um þær áskoranir framtíðarinnar sem tengjast hlutastörfum á vinnumarkaðnum. Í þessu blaði getur þú lesið um niðurstöður ráðstefnunnar, auk þess sem þar er að finna heildarmynd af þeim áskorunum sem varða hlutastörf í norðri.